



Fréttabréf Brekkuskóla

31. janúar 2014
6. tbl. skólaárið 2013- 2014
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag

Með hækkandi sól og lengri dögum höldum við ótrauð áfram góðu starfi í Brekkuskóla. Við hópinn okkar hafa tveir nýir starfsmenn bæst við en þau eru Grímur Laxdal sem starfar hér sem skólaliði og Sigbrúður Tóbiásdóttir sem starfar í eldhúsi.

Það einkunnarorð skólans sem við ætlum að vinna með í febrúar er „Framfarir“ en í stefnu Brekkuskóla segir að: "Allir sem innan skólans starfa stefna að því að þroskast og dafna í námi, starfi og sem persónur og aðstoða aðra við það. Ekki þurfa allir að taka jöfnum framförum heldur er tekið mið af stöðu



Jóhanna María ræðir við væntanlega nemendur

hvers og eins. Þetta gerum við með því að setja okkur sífellt ný markmið og mæla hvernig okkur tekst að ná þeim. Þannig tekur stofnunin í heild einnig framförum og stefnir ætíð að því að vera skóli sem lærir". Brekkuskóli er sannarlega skóli sem lærir, við leitumst ávallt við að gera betur í dag en í gær og liður í því er m.a. sú foreldrakönnun sem send verður út á úrtak foreldra á næstu dögum. Það er mikilvægt fyrir okkur að fá þá foreldra sem lenda í úrtakinu til þess að taka þátt. Niðurstöður úr þessari könnun nýtum til þess að læra og betrubæta. Á heimsíðu skólans er hægt að skoða

niðurstöður úr foreldrakönnun sem gerð var í febrúar 2013, einnig niðurstöður undanfarinna ára úr Skólapulsinum sem er spurningakönnun sem lögð er fyrir nemendur úr 6. -10. bekk. Þar er að auki útkoma Brekkuskóla á samræmdum könnunarprófum síðustu 5 ár. Þessar upplýsingar ásamt fleiru sem skoðað er, til þess að fylgjast með innra starfi skólans nýtum við til þess að gera góðan skóla enn betri. Það er margt sem felst í því að vera skóli sem lærir. Það snýst um nám og áhuga á námi, persónuþroska og sjálfsmynd, lífsleikni, greiningu á vandamálum, námstækni, sjálfstæða og skapandi hugsun, siðferðilegan styrk og metnað svo eitthvað sé nefnt.

Í þessum mánuði mun töluverður fjöldi kennaranema koma bæði frá HA og HÍ ýmist í æfingakennslu eða skólaheimsókn. Leikskólabörnin eru farin að koma í heimsókn til okkar til þess að undirbúa sig undir grunnskólagönguna. Það er alltaf jafngaman að fá þau og upplifa með þeim spenning og tilhlökkun eftir því að koma og gerast fyrstu bekkingar. Það er mikil ábyrgð og krefjandi verkefni fyrir starfsfólk grunnskólans að mæta þörfum þessara barna næstu 10 árin og mikilvægt að sýnin á nám og framfarir nemandans sé alltaf ljós. Kiðagilsferð stendur fyrir dyrum hjá 4. bekk þar sem þau eiga vonandi eftir að skemmta sér vel við leik og störf.

Kær kveðja úr skólanum

Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri

Fjöltefli

Andri Freyr fyrrum skákmeistari skólans bauð upp á fjöltefli á sal fimmtudaginn 23. janúar sl. Viðburðurinn var settur upp í tilefni af alþjóða skákdeginum sem var laugardaginn 25. janúar. Það var ekki annað að sjá en að uppákoman hafi fengið góðar viðtökur.



Andri Freyr hefur boðið nemendum í 1. - 6. bekk upp á gjaldfrjáls skáknámskeið í vetur við mjög góðar undirtektir. Skáklfélag Akureyrar er til húsa í Íþróttahöllinni. Vefsíða: <http://skakfelag.blog.is/blog/skakfelag/>



Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Febrúar 2014

2.	3. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	4. Kjöt og kjötsúpa, grænmeti og ávextir	5. Pasta, grænmeti, sósa, salat og ávextir	6. Gufusoðin ýsa, kartöflur, sósa, salat og ávextir	7. Starfsdagur Frístund lokuð	8.
9.	10. Samtalsdagur nemenda, kennara og foreldra. Skráning í samtal er á Mentor skv. netpósti	11. Samtalsdagur nemenda, kennara og foreldra. Skráning í samtal er á Mentor skv. netpósti	12. Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	13. Grjónagrautur, slátur, grænmeti og ávextir	14. Pizza, grænmeti og ávextir Opið hús fyrir skólalaval foreldra barna fædd árið 2008	15.
16.	17. Hakk og spaghetti, brauð, salat og ávextir	18. Fiskiklattar, kartöflur, sósa, salat og ávextir	19. Grísasnitset, kartöflur, grænar baunir, salat og ávextir	20. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og ávextir	21. Súpa, brauð, álegg, grænmeti og ávextir Morgunmóttaka hjá 4.bekk (ath. breytt v/Kiðagilssf.)	22.
23.	24. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, grænmeti og ávextir	25. Buff, kartöflustappa, grænar baunir, rauðkál og ávextir	26. Soðinn fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir 4. bekkur á Kiðagili	27. Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir 4. bekkur á Kiðagili	28. Skrý, brauð, álegg, salat og ávextir Morgunmóttaka hjá 3.bekk 4. bekkur á Kiðagili	1. mars

Skráning í samtal á mentor

Mánudaginn 10. febrúar og þriðjudaginn 11. febrúar verða samtals dagar í Brekkuskóla. Þessa daga er ekki kennsla, en ætlast er til þess að nemendur mæti ásamt forráðamönnum til allt að 30 mínútna viðtals við umsjónarkennara annan hvorn þessara daga. Við prófum nú nýtt fyrirkomulag á niðurröðun viðtala sem felur í sér að foreldrar sjálfir bóka sig í samtals tíma hjá umsjónarkennara í gegnum www.mentor.is. Þá er farið inn á fjölskylduvef mentor og smelt á hlekk sem birtist hægra megin á síðunni - "bóka foreldraviðtal".

Greinargóðar leiðbeiningar vegna þessa má finna á slóðinni:

<https://www.youtube.com/watch?v=ILHx3ngQD6g> sem send var í netpósti til allra foreldra 28. janúar 2014.



Frá heimsókn leikskólabarna í janúar




Frá heimsókn leikskólabarna í janúar

Foreldrar barna sem eiga fleiri en eitt barn í skólanum fengu tilkynningu um þetta fyrirkomulag deginum áður, til að þau hefðu örlítið forskot til að finna samliggjandi tíma. Bókunum ætti nú að vera að mestu lokið en skráning er í allra síðasta lagi föstudaginn 7. febrúar 2014.

Ef þið lendið í vandræðum eða óskið eftir aðstoð við þetta er um að gera að hafa samband við ritara skólans. Ef þið finnið alls enga tímasetningu sem ykkur hentar biðjum við ykkur um að hafa beint samband við viðkomandi umsjónarkennara.



Svipmyndir og umfjöllun úr starfinu í 5. bekk



Umhyggja— dönskukennsla—PALS lestrarþjálfun

Eins og fram hefur komið á heimasíðu skólans þá var janúar tileinkaður umhyggju sem er hluti af einkunnarorðum skólans. Af því tilefni unnu nemendur í 5. bekk T - spjöld um umhyggju þar sem hugtakið var tekið til umræðu og niðurstöður skráðar um það hvað umhyggja er og hvað umhyggja er ekki.

5. bekkjar fengu líka skemmtilega heimsókn í janúar. **Hafðís Inga Haraldsdóttir dönskukennari í Menntaskólanum og móðir** í árganginum kom með kynningu til okkar um dönsku. Aðdragandinn var sá að einn nemandi spurði hvers vegna þeir gætu ekki fengið að læra dönsku. Var spurningin tekin til umræðu og komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekkert sem bannaði það. Eitt leiddi af öðru og áður en kennarinn vissi af var **Sóley Anna** búin að bjóða fram móður sína í starfið. Fyrst fengu strákarirnir kynningu og fræðslu, þýddu texta af dönsku yfir á íslensku, hlustuðu á afmælissöng, töldu upp í tíu og heyrðu nafnið sitt sagt á dönsku. Síðan tóku stelpurnar við. Krakkarnir voru mjög áhugasamir og fannst þetta "mjög skemmtilegt" svo vitnað sé beint í orð eins drengsins.

Kennarar segja þetta ekki fyrstu heimsóknina og örugglega ekki þá síðustu. **Við búum svo vel að hafa aðgang að frábærum foreldrum sem hafa margt fram að færa.**

Nemendur 5. bekkjar hafa undanfarnar vikur unnið í **PALS lestrarþjálfun**. Kennarar telja að aðferðin skili árangri en lestrarmat sýnir bætta árangur. Það kemur sér vel inn í áherslu næsta mánaðar sem verður á gildinu "framfarir".

Með kveðju úr skólanum.

Erla Rán, Sigga, Þorgerður, Magga og Guðbjörn

